

11. október 2023

## Fundur í Skólaráði Rimaskóla skólaárið 2023-2024

Mætt: Sóley Kría Helgadóttir (10.b), Lára Ósk Óttarsdóttir (9.b), Helga Sveinsdóttir - fulltrúi kennara, Elísabet Magnúsdóttir– fulltrúi kennara, Baldvin Berndsen – fulltrúi grenndarsamfélagsins, Kristján Magnússon– fulltrúi starfsmanna, Þórunna R. Ólafsdóttir – skólastjóri og ritari. Fulltrúar foreldra boðuðu forföll.

Fundarefni:

1. Starfsáætlun skólaráðs og fundartímar settir niður
  - a. Fundarmenn settu niður starfsáætlun skólaráðs. Fundarplanið er eftirfarandi:
    1. fundur 11.10.23 kl. 14:00
    2. fundur 22.11.23 kl. 14:00
    3. fundur 24.01.24 – kl. 17:00 – sameiginlegur fundur með nemendaráði og foreldrafélagi. Hafa opið hús.
    4. fundur 18.03.24 kl. 15:00
    5. fundur 07.05.24 kl. 15:00
2. Rætt um starfsáætlun Rimaskóla
  - a. Þar sem heimasíður grunnskóla í Reykjavík liggur niðri vegna netárása þá eru skólar í smá vanda með að birta starfsáætlanir. Skólar eiga að leggja áherslu á matsáætlun, umbótaáætlanir, endurmenntunaráætlanir og yfirlit yfir innleiðingu skóla á menntastefnu Reykjavíkurborgar. Skólastjóri sendir skólaráði gögnin til yfirlestrar.
3. Önnur mál

Helga ræddi um að fá valda nemendur til að skipa tækniráð við skólann. Að hægt væri að kalla til aðila í árgöngum 6. – 10.b sem gætu aðstoðað þegar það er t.d. skemmtun á sal og þau kunni að stilla hljóð og tengja tölvu og aðstoða þannig. Tryggja þurfi aðgang að skápnum fyrir græjunum (að það sé t.d. lykill hjá ritara til að nálgast). Væri eitthvað betra að færa tækjaskápin inn í diskóbúrið. Væri hægt að koma þannig í veg fyrir að óviðkomandi aðilar séu að fikta í tækjunum? Það er bergmál í hljóðnemum – er hægt að stilla þetta betur. Lára kom með spurningu hvort hægt væri að fá handföng á skápinn til að opna hann? Baldvin spurði hvort foreldrafélagið gæti unnið í því að gefa skólanum betri græjur?

Kiddi ræddi um að það er mikill hávaði í Sigyn í hádegi. Það þyrfti að hafa einhverjar reglur um hávaða og hversu hátt mætti stilla græjurnar. Þetta er að trufla aðila sem eru í hádegismat og það eru ekki allir með þol fyrir hávaða. Helga benti á að kannski væri þetta verkefni fyrir tækniráð að sjá um spilamennsku og þeir færu þá eftir þeim viðmiðum sem sett yrðu upp.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri Rimaskóla